

Kennari:	Svana Björk Jónsdóttir
Áfangi/fag:	LIST2LL03 – Listir á líðandi stundu

Stutt lýsing

Nemendur læra fjölbreytta tækni í myndlist, td. Vatnsmálun, leirmótun, grafík og fleira. Áhersla er lögð á sjálfstæða sköpun og skilning á þróun hugmynda og myndrænu ferli. Auka skilning á samsbili forma, ljóss og skugga.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugtökum tengdum hugmyndavinnu, ferilvinnu og þrykki
- hvernig nota má mismunandi teikniaðferðir til að útfæra hugmyndir
- áhöldum síns fags og meðferð þeirra
- skúlptúrum og rýmisverkum úr listasögunni

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota þrykk/grafískar aðferðir við myndsköpu
- vinna sjálfstætt að eigin sköpun með þeirri aðferð sem hann kys og hentar hugmyndinni
- skyggja með tilliti til skuggavarps
- nota blýant sem hlutfallamælistiku fyrir lóðréttar-, láréttar- og skálínur
- sýna frumkvæði og skapandi nálgun í vinnuferli
- vinna sjálfstætt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta teiknikunnáttu sína til að útfæra eigin hugmyndir
- skilja samspil forma, ljóss og skugga í umhverfinu og í myndverkum
- taka þátt í almennum umræðum og gagnrýni á verk sín og annarra
- þekkja fjölbreyttar leiðir til að koma verkum sínum á framfæri

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Nemendur þurfa ekki að kaupa neitt. Þau fá allt hjá Hringsjá. Pappír, blýanta, strokleður, málningu, penslar, reglustikur, leir, leiráhöld, kennslubækur og vefsíður.

Námsmat

Kennari leggur mat á ástundun, virkni og vinnubrögð nemenda. Hann metur skilning hans á markmiðum áfangans út frá verkum þeirra.

Ritgerð: 15%

Safnaheimsókn: 15%

Verkefni í tíma: 70%